

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,13% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Í þeim tilvikum sem Garðabær nýtir heimild samkvæmt 14. gr. samþykktar um fráveitu sveitarfélagsins til að innheimta stofngjald skal það nema kr. 99.730. Gjaldið skal breytast í janúar ár hvert m.v. byggingarvísitölu og skal grunnvístala vera byggingarvístala í janúar 2005 304,7 stig.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 3. mars 2005, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2005.

Garðabæ, 16. mars 2005.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.